

BORGARSTJÓRN 3. október 2017: Tillaga borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um að skerpa á innkaupareglum Reykjavíkurborgar til að sporna við hugsanlegu kennitölufлакki R17100072

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að hefja endurskoðun á innkaupareglum Reykjavíkurborgar í því skyni að sporna gegn hugsanlegu kennitölufлакki.


Greinargerð:

Á 407. fundi innkauparáðs 8. september 2017, var tekin fyrir afgreiðsla á tilboðum í verk samkvæmt útboði, þar sem meirihluti innkauparáðs ákvað að samþykkja að taka lágsta tilboðinu í verkið, sem nam um 223 milljónum króna. Svo virðist sem ákvörðunin hafi byggt á túlkun skrifstofu borgarlögmanns á tilteknum forsendum sem voru á þann veg að hún teldi að heimilt væri að taka tilboðinu. Sá aðili sem átti næst lágsta tilboðið mótmælti í kjölfarið afgreiðslunni á þeirri forsendu að rekstrarsaga eigenda og stjórnenda lögstjóðanda sýndi að fyrri félög þeirra og nær sömu eigenda á sama eða hliðstæðu sviði hefðu orðið gjaldþrota. Í mótmælum sínum dró hann í efa hæfi lögstjóðanda til að fá verkið í ljósi innkaupareglna Reykjavíkurborgar er varða atriði þar sem leitast er við að hafna viðskiptum við aðila sem hafa verið í kennitöluskiptum. Þar var vísað til ákvæða í 28 gr. innkaupareglanna er varða hæfi bjóðenda.

Við skoðun á upplýsingum um fyrirtæki lögstjóðanda sem þar er vísað til virðast vera ærnar ástæður til að álykta að 6. mgr. 28. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar eigi hér við og á þeirri forsendu hefði því verið „heimilt“ og ástæður til að útiloka lögstjóðanda frá samningum um umrætt verk. Sýnt er að innkaupareglur Reykjavíkurborgar eru ekki nægilega afdráttarlausar hvað varðar mat á hæfi bjóðenda og því leggja Framsókn og flugvallarvinir fram tillögu um skerpingu á innkaupareglum Reykjavíkurborgar til að geta spornað betur við hugsanlegu kennitölufлакki.



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa



R17100072
26. október 2017

Umsögn

Efni: Tillaga um að skerpa á innkaupareglum Reykjavíkurborgar til að sporna við hugsanlegu kennitölufлакki
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Skrifstofa borgarstjórnar sendi fjármálaskrifstofu 11. október sl. meðfylgjandi tillögu borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina til umsagnar en tillagan var lögð fram á fundi borgarstjórnar þann 3. október sl.:


Lagt er til að borgarstjórn samþykki að hefja endurskoðun á innkaupareglum Reykjavíkurborgar í því skyni að sporna gegn hugsanlegu kennitölufлакki

Umsögn:

Fjármálaskrifstofa tekur undir að endurskoða þarf innkaupareglur Reykjavíkurborgar, sérstaklega í ljósi þess að ný lög um opinber innkaup hafa tekið gildi og munu gilda um innkaup sveitarfélaga að fullu frá 31. maí 2019. Þessi lagabreyting kallar á allsherjar endurskoðun innkaupareglanna og ekki eingöngu til þess að taka á aðgerðum gegn kennitölufлакki.

Heildarendurskoðun innkaupareglanna er tímafrekt ferli og tímabært að setja hana í gang ekki síðar en um næstu áramót og vera reiðubúin með nýjar innkaupareglur áður en nýjar viðmiðunarfjárhæðir laganna taka gildi gagnvart sveitarfélögum hinn 31. maí 2019.

Ákvæði um innkaup sveitarfélaga í lögum opinber innkaup nr. 120/2016 leiða til þess að endurskoða þarf innkaupareglur Reykjavíkurborgar. Með gildistöku nýrra laga verður minna svigrúm fyrir Reykjavíkurborg að setja sérstakar reglur í innkaupareglurnar sem ekki eru í samræmi við ákvæði laganna. Reykjavíkurborg getur ekki gert strangari kröfur en löginn leyfa til viðskiptasögu bjóðenda. Í nýjum lögum um opinber innkaup eru nýjar heimildir sem mögulega geta hjálpað opinberum kaupendum í baráttunni gegn kennitölufлакki.


Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri


Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir,
deildarstjóri innkaupadeildar